

Nd.

65. Tillaga

til þingsályktunar um heimild handa stjórninni til þess að lána mönnum fje til garðræktar.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Alþingi ályktar, að heimila stjórninni að lána fje þeim mönnum, er vilja gera matjurtagarða, með þessum takmörkunum:

- a. Lánsheimild þessi stendur meðan ófriðurinn stendur.
- b. Lánin skulu vaxtalaus fyrstu tvö árin, en síðan eigi hærra vextir en 5%, og eigi krafid, að borgað verði á skemri tíma en 10 árum.
- c. Eigi má lána fje til matjurtagarðs, sem minni er en 200 ferhyrningsstíkur (m^2), og skal sami maður sem garðinn gerir hafa vermireit samhliða.
- d. Yfirumsjón framkvæmda í þessu efni skal falin Einari garðyrkjumanni Helgasyni, gegn sómasamlegum launum.

Ástæður:

1. Siglingar að landi og frá geta stöðvast og matvöruflutningar. Er því nauðsyn að hafa sem mestan jarðargróður til manneldis.
2. Margir munu varbúnir við að gera slíka garða, og því mun nauðsynlegt að hjálpa þeim með hagfeldum lánnum.